

# Stjórnarfundur LH 24.febrúar 2006

## 11. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigurður Ævarsson, Guðný G. Ívarsdóttir, Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir, Sigrún Valdimarsdóttir, og nýráðinn framkvæmdastjóri LH og Landsmót ehf. Guðrún Valdimarsdóttir.

Guðrún Valdimarsdóttir kynnti sig.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt samhljóða.

### 2. Æskan og hesturinn á Sauðárkróki

Ákveðið að styrkja þá um sömu upphæð og Æskuna og hestinn í Reykjavík eða 200.000 kr. Hvetja sem flest félög að taka þátt og óska eftir því að merki LH verði haft á auglýsingaplakötum á áberandi stað og í lit ef farið verður út í að gera slíkt.

### 3. Samstarfsnefnd LH, FHB og FT

Ákveðið að Sigurður Ævarsson og Einar Ragnarsson haldi áfram að sækja þessa fundi f.h. LH.

### 4. Hestabraut við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Búið er að samþykkja í menntamálaráðuneytinu almenna hestabraut í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Haraldur kynnti okkur stöðu þess. Verið er að ráða fólk til að vinna að beinagrind námsefnisins.

### 5. Styrkur til sérsambanda.

Jón Albert sagði frá fundi með Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra v/ríkistyrks til sérsambanda 2006 og kynnti skiptingu þess fé.

### 6. Fundarboð á íþróttapiðing ÍSÍ.

LH hefur rétt á að senda 7 fulltrúa á þingið og er mjög mikilvægt að fullskipa þann fjölda á þingið.

### 7. Reiðhallir, reiðskemmur og reiðskólar.

LH fagnar þessu framlagi og Jón Albert ætlar að senda Guðna Ágústssyni þakkarbréf.

### 8. Boð á uppskeruhátíð þýska sambandsins..

Jón Albert ætlar að senda þeim þakkarbréf en afþakka boðið.

### 9. Skógarhólar.

Jón Albert fór yfir stöðu málsins. Stjórnarmenn voru sammála um að eftir fund sem með Birni Bjarnasyni formanni Þingvallanefndar sem Jón Albert og Haraldur sóttu, væri málið komið í alveg nýjan farveg.

Haraldur kom með þá tillögu að Jón Albert leiddi verkefnið, þetta væri jafnvel að verða eitt stærsta verkefni sem LH hefur farið í og þarf að halda mjög vel utan um það.

Jón Albert kom með þá tillögu að setja saman hóp/nefnd manna sem færi í hugmyndavinnu að framtíðar skipulagi Skógarhóla. Nefndina skipuðu t.d. Guðný Ívarsdóttir, Rafn Jónsson, Bjarni

Finnsson, Friðrik Pálsson, Ásgeir Margeirsson, Sigríður Sigþórsdóttir og jafnvel fleiri. Nefndin kæmi með verk- og framkvæmdaáætlun.

#### **10. Minnisblöð frá FEIF fundi í Amsterdam.**

Lögð voru fram minnisblöð frá FEIF fundinum í Amsterdam. Jón Albert sagði margt gagnlegt í þeim sem hægt væri að nota hér heima fyrir t.d. Landsmót. Ákveðið að senda minnisblað um HM til Landsmóts ehf. og beina til þeirra að skoða, í kjölfar umræðu á fundinum í Amsterdam um áverka á hrossum sem koma til keppni og í keppni, hvort Landmót ehf. þurfi ekki að vera með sinn trúnaðar dýralækni? Sigurður Ævarsson lýsti andstöðu sinni gagnvart svo kölluðum bannlista FEIF. Þeim Sigurði Ævarssyni og Einari Ragnarssyni var falið að koma með tillögu annað hvort um að breyta reglum um þennan lista eða fella hann niður.

#### **11. Litabók, ákvörðun um framhald, styrk o.s.frv..**

Jón Albert lagði fram tillögu af litabókinni og kostnaðaráætlun hennar. Ákveðið að halda áfram með þetta verkefni og LH sjái um kostnaðinn vegna hönnunar en svo verði sótt um styrki þegar farið verði í prentun hennar. Skoðað þarf vel textann og að sjá til þess að hann henti börnum og sé ekki of flókinn.

#### **12. Bréf frá Gæðingadómarafélaginu.**

Jón Albert lagði til að bréfið yrði sent formlega til Landsmóts ehf. Einnig að þetta yrði prófað áður en þetta yrði samþykkt. Sigurði Ævarssyni falið að vinna áfram í málinu.

#### **13. Boð frá Frakklandi.**

Jón Albert heldur áfram að skoða þetta mál.

#### **14. Handbók um gerð og uppbyggingu reiðvega.**

Ákveði að kanna það hvort ekki sé hægt að bjóða samgöngunefnd í morgunkaffi og kynna þetta ágæta rit sem loksins er komið út. Eins líka að hafa samband við formenn félaganna og fá þá til að dreifa því í sínum bæjar- og sveitarfélögum .

#### **15. Önnur mál.**

##### **a. Landsliðsnefnd, Kjörnefnd og Kynbótanefnd.**

Jón Albert lagði til að landsliðsnefndin yrði tækninefnd en fjáröflunin ætti að fara inn á skrifstofu LH. Þá í framhaldinu jafnvel að fara út í sviðskiptingu. Eins líka að kjörnefndin mætti fara fyrir af stað, en eins og hún er núna þá er hún ekki komin af stað fyrir en í fyrsta lagi í byrjun sept. og það er full seint. Lagt var til að koma með nýjar tillögur um þetta á næst fund. Einnig eiga allir að koma með tillögur varðandi Kynbótanefndina sem og með tillögu um fólk í hana. Senda þakkarbréf fyrir að beita sér fyrir niðurfellingu tolla á íslenska hestinum.

##### **b. Menntanefnd FEIF.**

Borist hefur bréf frá undirbúningsnefnd (Herdísi) sem skipuleggur ráðstefnu Menntanefndar FEIF að Hólum í ágúst, en þar kemur fram að aukakostnaður vegna gæti orðið þó nokkur vegna fleiri áhorfendastæða í reiðskemmu á Hólum og leigu á salernum, ef þátttakendur yrðu mjög margir. Jón ætlar að svara bréfi Herdísar um að halda kostnaðinum niðri og ef það gengur ekki að þá þarf að færa ráðstefnuna á stað sem getur tekið við þessum fjölda. Ef Hólar vilja áfram halda ráðstefnuna þá taka þeir þann kostnað sem hlýst á sig ef fara þarf í endurbætur á Hólum.

##### **c. Vinnupunktur frá Æskulýðsnefnd.**

Vilja senda 5 unglinga á Youth CUP 2006 og einnig 1 dómara (ósk frá FEIF).